

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 57. fundur haldinn 12. nóvember 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins og Gunnar Bollason sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn þeir Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs. Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, boðuðu forföll.

### 1. Setning fundar

Guðmundur Rafn setti fundinn í fjarveru Ragnhildar og lögð var fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina.

### 2. Skil ársreikninga einstakra kirkjugarða síðastliðin ár

Fram kom í máli Guðmundar Rafns að skjalaverðir Biskupsstofu hafa tekið saman skýrslu um skil ársreikninga kirkjugarða landsins. Voru fundarmenn sammála um að gott væri að hafa aðgengilegt yfirlit um þessi skil. Ákveðið var að reyna eftir áramót að koma á fundi með Kirkjugarðaráði og þeim sem sjá um þessa ársreikninga hjá Ríkisendurskoðun.

### 3. Hjaltastaður í Eiðapínghá

Hjaltastaður er í ríkiseigu en búið er á jörðinni. Sóknarnefnd Hjaltastadarsóknar hefur sent landbúnaðarráðuneyti erindi þar sem hún lýsir þeirri ósk sinni að jarðarhluta, þar sem kirkja og kirkjugarður stendur, auk nokkurrar viðbótar, verði skipt út úr heimajörðinni og verði gerð að sjálfstæðri lóð í umsjón sóknarnefndar.

Einnig óskaði sóknarnefndin eftir að fá að reisa þjónustuhús og gera á jarðarhlutanum bílastæði. Fundurinn gerði ekki athugasemdir við beiðni þessa.

Kristín Huld Sigurðardóttir lýsti þeirri ósk sinni að mál þetta, sem og öll önnur mál er varða framkvæmdir í eða við kirkjugarða eða skiptingar kirkjujarða, komi inn á borð Fornleifaverndar ríkisins til umsagnar stofnunarinnar.

### 4. Minningarmark um Jón lærða Guðmundsson

Jón mun grafinn rétt við forkirkju Hjaltastadarkirkju, undir kirkjustétt þeirri sem þar er. Guðmundur Rafn og Hjörleifur Stefánsson hafa sett fram þá hugmynd að í kirkjustéttina verði felld steinplata með nafni Jóns og annarri áletrun. Studdi fundurinn þessa tillögu.

### 5. Heimsókn til Noregs

Undir þessum lið fjallaði Smári um heimsókn sína í kirkjugarða í Noregi. Sýndi hann myndir úr förinni, fjallaði um tækninýjungar við greftranir og lýsti skipulagi kirkjugarðs í Sarpsborg og í Ási.

**6. Næsti fundur**

Dagsetning næsta fundar var ekki ákveðin en Ragnhildur mun boða til hans.

**7. Önnur mál**

Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:40.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Gunnar Bollason,  
ritari